

Skólaráð 13. nóvember 2019

Fossvogsskóli kl. 8:30

Fyrsti fundur nýs skólaráðs á nýju skólaári

Mættir: Arnór Bjarki fulltrúi nemenda í 6. bekk og Anna fulltrúi nemenda í 7. bekk, Karl og Agnar Freyr fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Helena fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Ýr og Árni skólastjórnendur.

Ritari er Árni.

Dagskrá:

1. Heyra raddir skólaráðsfulltrúa.
2. Nemendapíngið-Segja frá því.
3. Íslensku verðlaun unga fólksins, á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2019.
4. Öryggishandbók skólans; drög að henni kynnt.
5. Niðurstöður samræmdra prófa 2019.
6. Þátttaka foreldra í skólastarfi.
7. Brunaæfing fyrir jól.
8. Önnur mál.

1.

- Fulltrúar nemenda spurðu um hvort leyfilegt væri að koma á hjólabrettum í skólann. Það má en ekki má geyma þarf þau inni.
- Spurt var um matinn í mötuneytinu. Ákveðið var að nemendur kæmu meira að ákvörðun um hvað er í matinn og að nemendur gætu hjálpað til í eldhúsinu.

2. Nemendapíngið í síðustu viku tókst vel. Nemendur í 7. bekk voru hópstjórar og ritarar og stóðu sig mjög vel. Skipulag þingsins var gott og ljóst að svona verkefni er komið til að vera. Þó var þröngt um nemendur og á eftir að vinna úr svörum nemenda á þinginu.

Fulltrúar nemenda yfirgáfu fundinn. Stefnt er að því þjálfa þau betur í að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri við skólaráð. Vettvangur fulltrúa nemenda verður í árgöngunum. Nemendur geti komið með hugmyndir og munu fulltrúar þeirra í ráðinu koma þeim á framfæri í byrjun hvers fundar. Ingibjörg ætlar að ganga í 6. og 7. bekk í byrjun desember til að undirbúa þetta ferli.

3. 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu verða íslensku verðlaun unga fólksins veitt í Hörpu. Skólar geta útnefnt einn nemanda á yngsta stigi, einn á miðstigi og einn á

unglingastigi. Ákveðið hefur verið að velja nemendur í 3. og 6. bekk. Lóa Gísladóttir í 3. bekk og Þorsteinn Snæland í 6. bekk eru útnefnt fyrir Fossvogsskóla.

4.

- Unnið er að öryggishandbók fyrir skólann og stefnt að því að hún verði tilbúin fyrir jól. Öryggisráð skólans skipa Ægir Rúnar Sigurbjörnsson öryggistrúnaðarmaður, Brynjar Tómasson umsjónarmaður og öryggisvörður og Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson aðstoðarskólastjóri.
- Umræða um keyrslu inn á skólalóðina en skólaráð lýsti yfir áhyggjum sínum af mikilli umferð bíla inn á skólalóðina.

5. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk kynnt fyrir ráðinu. Verið er að skoða niðurstöðurnar og bregðast við þeim. Báðir árgangar komu vel út miðað við landið.

6. Skólinn er að fara í margar vettvangsferðir á skólaárinu. Oft er erfitt að manna þessar ferðir. Umræður hvort hægt sé að biðja foreldra að koma í slíkar ferðir. Skólaráð var jákvætt fyrir þeim möguleika.

7. Brunnaæfing þarf að fara fram fyrir jól.

8. Önnur mál.

- Umræður um hverjir mega auglýsa í skólum. Virðist vera mismunandi hverjir geta það. Dæmi var tekið af TBR en þeir bjóða nemendum í 4. bekk í heimsókn í gegnum skólann.
- Jólaföndur FFF verður 23. nóvember.
- Jólatónleikar barnakórs Fossvogsskóla verður 5. desember kl. 17:00.
- Battajól verða í vikunni 10.-13. desember. Fer eftir veðri hvað dag það verður.
- Vettvangsferð í Bústaðakirkju verður föstudaginn 13. desember kl. 10:30. Pizza í matinn á eftir.
- Föstudaginn 20. desember verða jólaskemmtanir.
- Spurt var um atvik þegar nemandi barði annan nemanda í höfuðið með hamri. Bent var á hvort hringja hefði átt í foreldra allra í árganginum sem þessir nemendur eru í. Umræður um hvenær á að hringja í foreldra þegar ofbeldi á sér stað? Kennarar ræddu við nemendur um atvikið.
- Strætó hefur hug á með Borgarlínu að keyra um Stjörnugróf. Það þýddi að opna yrði efst í Stjörnugróf við Kópavog. FFF hyggst mótmæla þessu. Skólaráð samþykkti að mótmæla þessum gjörningi strætó. Karl ætlar að sjóða saman drög og senda á stjórnendur en skólastjóri mun undirrita fyrir hönd ráðsins.
- Í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmálans vinna nemendur skólans að verkefni um sáttmálann í smiðjum á fimmtudögum.
- Næsti fundur er 11. desember.